

Náttúran – verkefni um sjávarsíðuna.

1. Orri og Ösp fóru á hjólunum sínum í fjöruferð í Bótina. Í fjöruborðinu dansaði þangið og þarinn í sjávarlöðrinu þegar sjórinn flæddi upp fjöruna í takt við öldurnar.
 - a. Farið á leitarvélarnar á vefnum og skoðið hvað þið finnið um gróðurinn og smádýrin í fjöruborðinu.
 - b. Kynnið ykkur hvaða tegundir eru algengastar í fjörum Grindavíkur.
 - c. Takið með ykkur fötu og farið í þá fjöru sem er næst skólanum. Skoðið hvað þar er að finna og setjið það sem ykkur finnst áhugaverðast í fötuna til að taka með í skólann.
 - d. Kynnið fyrir bekknum ykkar innihald fötunnar.
2. Strandlengjan er áhugaverð í öllum byggðarlögum og hún er misjafnlega opin fyrir hafinu. Strandlengja Grindavíkur liggur fyrir opnu Atlantshafi og oft er mikið brim.
 - a. Kynnið ykkur strandlengjuna við Grindavík.
 - b. Aflið ykkur upplýsinga um varnargarðana og dýpkun á höfninni. Setið ykkur í samband við hafnarstjórnann til að kynna ykkur þessi mál.
 - c. Kynnið ykkur hvernig aðkoman var áður en breytingar á innsiglingu voru gerðar. Skriðið niður.
3. Það drynur oft í briminu við Grindavík. Takið upp hljóðin sem koma frá hafinu, öldunum og briminu.
 - a. Fáid einhvern/einhverja úr bekknum ykkar til að semja tónverk með ykkur þar sem fyrirmyndin er hljóðin í hafinu. Finnið út úr því hvaða hljóðfæri hentar best við flutning á verkinu.
4. Notið Facebook til þess að setja ykkur í samband við fólk úr Grindavík. Reynið að komast að því hvort fólk þekki einhverja matreiðslu eða meðhöndlun á sjávarfangi sem myndi henta sem puttamat á kynningu.
 - a. Kynnið ykkur hvaða hráefni þið þurfið til þess að búa til puttamatinn og hvar þið getið nálgast það. Hjálpið að við að búa til veitingarnar.
 - b. Bjóðið foreldrum bekkjarins á kynningu og spilið tónverkið ykkar.